

STEF
Ársreikningur
2023

STEF
Laufásvegi 40
101 Reykjavík
kt. 620269-5739

STEF

Ársreikningur

2023

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna	2-3
Skýrsla og áritun stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6-7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-13

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og aðila STEFs

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning STEFs fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2023, efnahag þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð STEFi í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi STEFs. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogi, 7. maí 2024.

Deloitte ehf.

Einar Hafliði Einarsson
endurskoðandi

Áritun skoðunarmanna

Til stjórnar og aðila STEFs

Við undirritaðir skoðunarmenn STEFs, höfum farið yfir ársreikning þennan fyrir árið 2023. Við teljum hann vera í samræmi við ákvæði laga og samþykka félagsins og leggjum við til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 7. maí 2024.

Eyjólfur Kristjánsson

Tryggvi M Baldvinsson

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur STEFs fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

STEF eru opin félagasamtök höfunda og rétthafa um höfundarétt á sviði tónlistar. Samtökin gæta hagsmuna og höfundaréttar innlendra og erlendra tónskálda, textahöfunda, svo og annarra rétthafa tónverka og tilheyrandi texta er varða höfundarétt. Samtökin starfa á grundvelli viðurkenningar Mennta- og menningarmálaráðuneytisins til innheimtu höfundaréttargjalda samkvæmt höfundalögum. Þau vinna að því að efla og styrkja nýsköpun og stuðla að grósku tónlistar á Íslandi. Samtökin safna ekki eignum í eigin þágu.

Starfsemin á árinu

Tekjur STEFs námu 1224,9 millj. kr. á árinu 2023 (2022: 1076,6 millj. kr.) og hækkuðu því um 148,3 millj. kr. milli ára eða um 13,8%. Hreinar tekjur ársins 2023 námu 1035,8 millj. kr. (2022: 868,5 millj. kr.). Heildareignir námu 1411,8 millj.kr. í árslok (1258,6 millj.kr. í árslok 2022). Eigið fé nam 1.023.7 millj. kr. í árslok (árslok 2022: 909,6 millj. kr.), þar af var óráðstafað eigið fé 771,3 millj. kr. (2022: 675,9 millj. kr.).

Stjórn og framkvæmdastjóri STEFs staðfestir hér með ársreikning félagsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 7. maí 2024

Í stjórn

Bragi Valdimar Skúlason, formaður

Páll Ragnar Pálsson, varaformaður

Eyþór Gunnarsson

Hallur Ingólfsson

Sigríður Thorlacius

Sigurður Flosason

Þuríður Jónsdóttir

Framkvæmdastjóri

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Flutningsréttartekjur, innlendar		732.481.011	628.394.475
Flutningsréttartekjur, erlendar		192.959.402	104.709.405
Upptökuréttartekjur og tónlistarveitur		200.715.973	197.636.150
Aðrar tekjur		60.004.799	103.628.269
Sértekjur tónmenntasjóða		38.788.795	42.255.609
		<hr/>	<hr/>
		1.224.949.980	1.076.623.908
Laun og launatengd gjöld	4	(159.846.288)	(148.332.144)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(32.634.866)	(37.592.456)
Annar rekstrarkostnaður		(26.640.164)	(20.905.518)
Afskrift og niðurfærsla viðskiptakrafna		(11.423.143)	(12.766.095)
		<hr/>	<hr/>
Rekstrarhagnaður		994.405.519	857.027.695
Fjármunatekjur		41.406.124	11.480.425
		<hr/>	<hr/>
Hagnaður ársins		<u>1.035.811.643</u>	<u>868.508.120</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022
Fastafjármunir			
Fasteign	7	188.960.000	165.000.000
Húsbúnaður og tæki	7	6.256.000	6.256.000
Fjárfestingarverðbréf	8	129.123.007	123.897.245
Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur		2.919.033	3.676.809
		<u>327.258.040</u>	<u>298.830.054</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		346.633.123	259.973.942
Aðrar kröfur og fyrirframgreiðslur		47.922.985	14.187.698
Handbært fé		690.002.603	685.655.675
		<u>1.084.558.711</u>	<u>959.817.315</u>
Eignir		<u>1.411.816.751</u>	<u>1.258.647.369</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Endurmatsreikningur	9	145.717.378	121.757.378
Ferðasjóður	10	101.485.570	101.420.570
Eigið fé tónmenntasjóða	11	5.231.745	10.486.440
Óráðstafað eigið fé	12	771.318.450	675.934.488
Eigið fé		<u>1.023.753.143</u>	<u>909.598.876</u>
Skammtímaskuldir			
Ógreidd úthlutun		362.986.700	279.505.566
Aðrar skammtímaskuldir		25.076.908	69.542.927
		<u>388.063.608</u>	<u>349.048.493</u>
Skuldir		<u>388.063.608</u>	<u>349.048.493</u>
Eigið fé og skuldir		<u>1.411.816.751</u>	<u>1.258.647.369</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Innborgaðar tekjur		1.036.684.336	1.039.322.677
Greiddur rekstrarkostnaður		(229.118.529)	(201.489.363)
Innborgaðar fjármunatekjur		35.056.085	13.711.153
		<u>842.621.892</u>	<u>851.544.467</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingahreyfingar			
Keypt/seld fjárfestingaverðbréf og skuldabréf		1.731.777	(38.000.000)
		<u>1.731.777</u>	<u>(38.000.000)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddar úthlutanir STEFs	10	(757.108.251)	(454.471.569)
Greiddar ráðstafanir sjóða		(82.898.490)	(63.653.909)
		<u>(840.006.741)</u>	<u>(518.125.478)</u>
Hækkun handbærs fjár		4.346.928	295.418.989
Handbært fé í upphafi árs		685.655.675	390.236.686
Handbært fé í lok árs		<u>690.002.603</u>	<u>685.655.675</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

STEF eru hagsmunasamtök tón- og textahöfunda á Íslandi. STEF innheimtir gjöld fyrir notkun tónlistar sem flutt er opinberlega, fyrir hönd tónhöfunda. Viðskiptavinir STEFs eru t.d. útvarps- og sjónvarpsstöðvar, tónleikahaldarar, verslanir, veitingastaðir, hárgreiðslustofur og heilsuræktarstöðvar, sem og tónlistarveitur eins og Spotify og YouTube. STEF hefur sérstaka viðurkenningu menningar- og viðskiptaráðuneytis til að innheimta fyrir alla tónhöfunda og lýtur eftirliti ráðuneytisins skv. lögum um sameiginlega umsýslu höfundaréttar nr. 88/2019. STEF úthlutar því sem innheimt er til hlutaðeigandi rétthafa, innlendra sem erlendra. Úthlutun fer fram á grundvelli upplýsinga um hvaða verk hafa verið flutt, t.d. í útvarpi, og styðst við skráningu verka í gagnagrunnum, eftir því sem hægt er.

STEF er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili samtakanna að Laufásvegi 40, 101 Reykjavík.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

4. Laun og launatengd gjöld

	2023	2022
Laun á skrifstofu	124.728.416	115.504.641
Stjórnarlaun	8.260.740	7.451.586
Laun skoðunarmanna	243.636	228.432
	<u>133.232.792</u>	<u>123.184.659</u>
Lífeyrissjóður	16.308.408	14.660.725
Aðrir sjóðir	1.519.315	1.342.877
Tryggingagjald	9.482.405	8.678.477
Áunnið orlof, breyting	(696.632)	465.406
	<u>26.613.496</u>	<u>25.147.485</u>
	<u>159.846.288</u>	<u>148.332.144</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	10,5	10,8

5. Fjármunatekjur og -gjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2023	2022
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	44.741.568	13.659.761
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum	2.257.612	1.088.227
Vaxtatekjur af skuldabréfaeign	696.781	663.332
Gengismunur	(703.328)	1.955.000
Matsbreytingar fjáreigna á gangvirði	6.792.855	(2.882.913)
Bankakostnaður og fjármagnsgjöld	(445.560)	(582.045)
Fjármagnstekjuskattur	(11.933.804)	(2.420.937)
	<u>41.406.124</u>	<u>11.480.425</u>

Skýringar

6. Skattar

STEF greiðir ekki tekjuskatt en greiðir fjármagnstekjuskatt af fjármunatekjum sínum. Skattar vegna reikningsársins til greiðslu á næsta ári þar sem STEF hefur þegar greitt þann skatt sem afdráttarskatt af innborguðum fjármunatekjum ársins. Fjármagnstekjuskattur vegna áunninna en óinnheimtra fjármunatekna, svo sem af matsbreytingum verðréfa, er reiknaður og færður sem skuldbinding í ársreikninginn.

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Innréttingar, búnaður og tæki eru metin þannig að kostnaðarverð eigna frá fyrra. Viðbætur ársins eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi.

Eignarhluti STEFs í fasteigninni á Laufásvegi 40 er 80%, en meðeigendurnir TÍ og FTT eiga 20%. Bókfært verð frá fyrra ári var myndað af endurmetnu stofnverði, auk eignfærðs endurbótakostnaðar á árinu 2018, sem var stutt af verðmati óháðra fasteignasala. Fasteignamat er talið endurspeglar markaðsvirði fasteignarinnar og þróun fasteignaverðs. Fasteignin var því endurmetin í árslok byggt á nýju fasteignamati og var endurmatsshækkunin færð á endurmatsreikning meðal eigin fjár.

Hlutdeild í fasteignamati og váttryggingamati eigna árslok greinist þannig:	Fasteignamat	Váttryggingamat
Fasteignir og lóðir	188.960.000	110.640.000

8. Fjárfestingarverðbréf

Breyting fjárfestingareigna greinist þannig:	2023	2022
Verðbréfaeignir í ársbyrjun	129.276.923	94.060.921
Keypt / (selt) á árinu	0	38.000.000
Greiðslur kostnaðar og fjármagnstekjuskatts	(884.265)	
Matsbreyting verðbréfa á árinu	7.123.151	(2.783.998)
Staða verðbréfaeigna í árslok	135.515.809	129.276.923
Áfallinn ógreiddur fjármagnstekjuskattur í ársbyrjun	(5.379.678)	(5.932.948)
Áfallinn ógreiddur fjármagnstekjuskattur á árunna ávöxtun ársins	(1.013.124)	553.270
Staða í árslok	129.123.007	123.897.245

9. Endurmatsreikningur

Fjármunatekjur greinast þannig:	2023	2022
Endurmatsreikningur í ársbyrjun	121.757.378	97.269.322
Endurmatsbreytingar ársins	23.960.000	24.488.056
	145.717.378	121.757.378

Skýringar

10. Ferðasjóður

Árið 2003 var stofnaður sérstakur sjóður, Ferðasjóður. Heimilt er að ráðstafa allt að 10% af eignum sjóðsins, miðað við hver áramót, til ferðastyrkja til handa réttihöfum og starfsfólki STEFs. Til viðbótar við stofntillags sjóðsins, og síðari sértillög, er árlegt tillag reiknað í samræmi við nettóárvöxtun verðbréfasjóða STEFs, sem stendur á bak við ferðasjóðinn.

	2023	2022
Ferðasjóður í ársbyrjun	101.420.570	67.075.570
Tillag ársins (árvöxtun sjóðs)	3.000.000	3.000.000
Sérstakt framlag á árinu	0	35.000.000
Styrkveitingar ársins	(2.935.000)	(3.655.000)
	<u>101.485.570</u>	<u>101.420.570</u>

11. Eigið fé tónmenntasjóða

STEF hefur umsjá og vörslu sinni fjóra tónmenntasjóði sem hafa hver sinn tilgang og reglur. Samkvæmt úthlutunarreglum STEFs er lagt til framlag í Menningarsjóð sem er úthlutað til menningarmála. Aðrir sjóðir hafa sérstaka tekjustofna. Hluti eigin fjár STEFs er bundinn þessum sjóðum. Breyting á stöðu þeirra 1. janúar til 31. desember og hlutdeild í eigin fé greinist þannig:

11.1. Menningarsjóður

	2023	2022
Menningarsjóður í ársbyrjun	4.528.281	7.090.028
Framlag STEFs	42.000.000	35.000.000
	<u>46.528.281</u>	<u>42.090.028</u>
Tillag til TÍ	(7.058.004)	(7.058.004)
Tillag til FTT	(7.058.004)	(7.058.004)
Framlag vegna Samtóns	(1.889.095)	(649.557)
Framlag til Samtóns vegna DÍT	(1.287.649)	(1.698.092)
Framlag til Samtóns vegna ÍTV	(6.038.150)	(4.409.063)
Framlag vegna "Útflutningssjóðs Ísl. tónlistar"	0	(1.500.000)
Framlag vegna ÚTÓN	(1.737.522)	(2.000.000)
Framlag í Upptökusjóð	(6.000.000)	(6.000.000)
Styrkir stjórnar	(1.800.000)	(3.000.000)
Framlag í Stórverkasjóð	(4.340.000)	0
Önnur framlög og kostnaðarþátttaka	(7.613.438)	(4.189.027)
	<u>(44.821.862)</u>	<u>(37.561.747)</u>
	<u>1.706.419</u>	<u>4.528.281</u>

11.2. Nótnasjóður

Nótnasjóður í ársbyrjun	3.228.641	1.915.278
Sértekjur frá Fjölís	7.815.728	8.797.363
	<u>11.044.369</u>	<u>10.712.641</u>
Styrkir	(8.695.000)	(7.244.000)
Nefndarlaun	(240.000)	(240.000)
	<u>(8.935.000)</u>	<u>(7.484.000)</u>
	<u>2.109.369</u>	<u>3.228.641</u>

Skýringar

11.3. Upptökusjóður

	2023	2022
Upptökusjóður í ársbyrjun	2.819.518	(1.357.255)
Framlag úr Menningarsjóði	6.000.000	6.000.000
Sértekjur IHM vegna kapalgeira	11.396.439	19.107.738
	<u>20.215.957</u>	<u>23.750.483</u>
Styrkir	(12.100.000)	(10.650.000)
Erlend úthlutun vegna tekna frá IHM kapalgeira	(6.080.000)	(10.000.965)
Nefndarlaun	(480.000)	(280.000)
	<u>(18.660.000)</u>	<u>(20.930.965)</u>
	<u>1.555.957</u>	<u>2.819.518</u>

11.4. Tónskáldasjóður RUV og STEfs (í umsjón RUV)

Sértekjur vegna flutningsréttar frá Rúv	13.576.628	8.350.508
Yfirfært til Tónskáldasjóðsins	(13.576.628)	(8.350.508)
	<u>0</u>	<u>0</u>

11.5. Tónskáldasjóður Bylgjunnar og Stöðvar2

Tónskáldasjóður Bylgjunnar og Stöð2 í ársbyrjun	(90.000)	(270.000)
Sértekjur, framlag SÝN	3.000.000	3.000.000
Sértekjur vegna flutningsréttar frá SÝN	3.000.000	3.000.000
	<u>5.910.000</u>	<u>5.730.000</u>
Styrkir	(5.900.000)	(5.700.000)
Nefndarlaun	(150.000)	(120.000)
	<u>(6.050.000)</u>	<u>(5.820.000)</u>
	<u>(140.000)</u>	<u>(90.000)</u>

11.6. Stórverkasjóður

Stórverkasjóður í ársbyrjun	0	0
Framlag úr Menningarsjóði	4.340.000	0
	<u>4.340.000</u>	<u>0</u>
Styrkir	(4.100.000)	0
Nefndarlaun	(240.000)	0
	<u>(4.340.000)</u>	<u>0</u>
	<u>0</u>	<u>0</u>
	<u>0</u>	<u>0</u>
Samtals Tónmenntasjóðir.....	<u>5.231.745</u>	<u>10.486.440</u>

Skýringar

12. Óráðstafað eigið fé

Til ráðstöfunar:	2023	2022
Óráðstafað eigið fé í ársbyrjun	675.934.488	559.782.702
Hreinar tekjur ársins	1.035.811.643	868.508.120
Gengismunur erlendra úthlutana	4.696.842	0
Sértekjur sjóða í vörslu STEFs	(25.212.167)	(33.905.101)
Sértekjur Tónskáldasjóðs RUV og STEFs	(13.576.628)	(8.350.508)
Hlutdeild Tónlistarsjóðs kirkjunnar skv. samningi	(3.080.416)	(2.799.763)
Til ráðstöfunar.....	<u>1.674.573.762</u>	<u>1.383.235.450</u>
Ráðstöfun:		
Tillög í Ferðasjóð	(3.000.000)	(38.000.000)
Framlag í Menningarsjóð	(42.000.000)	(35.000.000)
Úthlutun innanlands	(619.069.943)	(428.464.287)
Úthlutun til útlanda	(191.068.492)	(158.556.087)
Biðreikningur vegna innheimtu hjá NMP	(48.116.877)	(47.280.588)
Ráðstafað alls.....	<u>(903.255.312)</u>	<u>(707.300.962)</u>
Óráðstafað eigið fé í árslok	<u>771.318.450</u>	<u>675.934.488</u>

13. Yfirlit yfir úthlutanir á árinu

Eftirfarandi er yfirlit yfir úthlutanir ársins sem er hluti af ráðstöfunum óráðstafaðs eigin fjár í skýringu 12 og tónmenntasjóðanna í skýringu 11.

	2023	2022
Úthlutanir:		
Aðalúthlutun (2x á ári)	272.520.439	239.735.534
NCB/NMP v. útgáfu og tónlistarveita (4x á ári)	97.623.154	76.648.636
Tónleikar (2x á ári)	31.387.169	22.154.343
Flutningur erlendis (4x á ári)	217.539.181	89.925.774
Innanlands samtals	619.069.943	428.464.287
Erlend úthlutun (1x á ári, greitt til STIM)	191.068.492	158.556.087
	<u>810.138.435</u>	<u>587.020.374</u>
Styrkir og úthlutanir sjóða:		
Styrkir Ferðasjóðs	2.935.000	3.655.000
Styrkir og verkefni Menningarsjóðs	34.481.862	31.561.747
Styrkir úr Nótasjóði	8.695.000	7.244.000
Styrkir úr Upptökusjóði	12.100.000	10.650.000
Framlag í Tónskáldasjóð RUV og STEFs	13.576.628	8.350.508
Styrkir úr Tónskáldasjóði Bylgjunnar og STEFs	5.900.000	5.700.000
Styrkir úr Stórverkasjóði	4.100.000	0
Innanlands samtals	81.788.490	67.161.255
Erlend úthlutun Upptökusjóðs (greitt til STIM)	6.080.000	10.000.965
	<u>87.868.490</u>	<u>77.162.220</u>
Úthlutanir ársins.....	<u>898.006.925</u>	<u>664.182.594</u>

Skýringar

14. Reikningsskilaaðferðir

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu. Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Lántökukostnaður er eignfærður og afskrifaður línulega yfir líftíma lánsins.

Skattamál

Samtökin eru ekki í tekjuskattskyldri starfsemi. Fjármagnstekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir skattstofnum fjármunatekna og gildandi skatthlutfalli.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annað hvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð.

Verðmatsækkanir vegna endurmats eru færðar á endurmatsreikning meðal eigin fjár að frádregnum tekjuskattsáhrifum. Við sölu, afskriftir eða niðurlagningu eignar er sá hluti endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Matsbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning meðal eigin fjár á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreykingur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.